



Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST

Áfangastaða- og Markaðsstofa Vesturlands

Árið byrjar af krafti

Janúar er alltaf annasamur mánuður hjá okkur á Á&M en árið byrjaði að venju af fullum krafti með ýmsum viðburðum og fjölmörgum verkefnum.

Við viljum leyfa ykkur að fylgjast með hvað við erum að sýsla og ætlum því að taka saman stutt fréttabréf í lok hvers mánaðar til að senda á póstlistann og setja á vefsíðuna okkar.

- Ferðapjónustuvikan 2025
- Mannamót Markaðsstofanna
- Málþing í EDDU
- Ratsjain
- Samfélagsmiðlar MSV
- Kynning á verkefnum MAS
- Lokaskýrsla “skipaverkefni”
- Icelandair Mid-Atlantic

Ferðapjónustuvikan 2025

Ferðapjónustuvikan var haldin í annað skiptið á Höfuðborgarsvæðinu dagana 14.-16. janúar og setti strax tóninn fyrir öflugt ferðapjónustuár. Dagskráin var fjölbreytt, full af fróðleik og góðum fundum, þar sem áherslan var á mikilvægi ferðapjónustu og samvinnu innan greinarinnar.

Í lok vikunnar var haldið sameiginlegt hóf á Iceland Parliament Hótel þar sem ferðapjónustufólk átti góða samverustund.

Aðstandendur Ferðapjónustuvikunnar eru Markaðsstofur landshlutanna, Íslandsstofa, Ferðamálastofa, Íslenski ferðaklasinn og Samtök ferðapjónustunnar.

Stærstu Mannamót frá upphafi

Mannamót Markaðsstofa landshlutanna er hápunktur ferðapjónustuvikunnar, þau fóru fram í Kórnum í Kópavogi 16. janúar með metaðsókn. Vel á annað þúsund manns mættu á svæðið og 255 fyrirtæki sem bjóða ferðapjónustu á landsbyggðinni kynntu svæðið sitt og sína starfsemi.

Markaðsstofa Vesturlands var með heilan gang á sýningunni, þar sem 35 fyrirtæki kynntu sérstöðu Vesturlands og fjölbreytta ferðapjónustu. Þátttakendur nýttu líka tækifærið til að sjá og skoða hvað aðrir eru að gera, mynda ný tengsl og efla samstarf innan greinarinnar.

Mikill kraftur, gleði og bjartsýni ríkti meðal þátttakenda, enda hefur Mannamót sannað gildi sitt sem einn af mikilvægustu viðburðum ársins fyrir ferðapjónustufyrirtæki sem starfa á landsbyggðunum. Að kvöldi dags hittust samstarfsaðilar MSV sem tóku þátt í Mannamótum og fögnuðu góðum degi og frábæru samstarfi í sameiginlegum kvöldverði. Þeir sem tóku þátt í þessu verkefni með okkur eiga miklar þakkir skildar fyrir sitt framlag í að kynna áfangastaðinn okkar. Við hvetjum til áframhaldandi samvinnu sem styrkir ferðapjónustuna og eflir Vesturland sem eftirsóknarverðan áfangastað.



Málþing í EDDU - sögustaðir, söfn og skipafarþegar

Í lok Ferðapjónustuvikunnar héldu Samtök um söguferðapjónustu málþing í EDDU. Þar var fjallað um hvernig söfn, sýningar og sögustaðir geta brugðist við áskorunum og tækifærum sem fylgja komum stórra hópa og álagi sem myndast t.d. þegar stór skemmtiferðaskip heimsækja þeirra svæði.

Margrét Björk, hélt þar erindi og kynnti áhersluverkefni um móttöku skipafarþega á Snæfellsnesi. Hún lagði áherslu á mikilvægi góðrar upplýsingagjafar og samvinnu allra hagaðila sem að þessari ferðapjónustu koma, til að tryggja jákvæða upplifun allra - þjónustuaðila, gesta og íbúa. Málþingið var vel sótt og skapaðist lífleg umræða um hvernig hægt er að bregðast við, nýta þessi tækifæri og stuðla jafnframt að sjálfbærni svæðanna.



Ratsjain hófst í janúar

Ratsjain- þróunarverkefni fyrir stjórnendur í ferðapjónustu með áherslu á sjálfbærni og nærandi ferðapjónustu, er nú hafin. Að þessu sinni taka 62 fyrirtæki víðsvegar af landinu þátt í verkefninu, þar af eru níu fyrirtæki á Vesturlandi. Íslenski Ferðaklasinn og RATA sjá um Ratsjain, en Áfangastaða- og Markaðsstofa Vesturlands er stuðningsaðili að verkefninu og mun veita þátttakendum á Vesturlandi aðstoð og stuðning eftir þörfum. Verkefnið er fimm vinnulotur sem byggja á fræðslu, jafningjarýni og tengslavinnu. Markmiðið er að efla gæði og sjálfbærni í íslenskri ferðapjónustu í samræmi við stefnu stjórnvalda að Ísland sé leiðandi í sjálfbærri þróun.

Samfélagsmiðlar Markaðsstofu Vesturlands

Til að auka sýnileika Vesturlands á netmiðlum var ákveðið að útvista umsjón með samfélagsmiðlum MSV - *Visit West Iceland* - til aðila sem hefur bæði þekkingu og fleiri tækifæri en verkefnisstjórar Á&M til að sinna þeirri vinnu. Með þessu skrefi er unnið að því að nýta betur þessa miðla til að auka árangur í markaðsstarfi fyrir áfangastaðinn Vesturland, stuðla að markvissari miðlun og koma réttu skilaboðunum til réttra markhópa. Þessi breyting er spennandi tækifæri til að þróa nýja nálgun og áherslur í kynningu á svæðinu og styrkja ímynd Vesturlands og hvetja fólk til að koma í heimsókn, dvelja og njóta.



Kynning á verkefnum Áfangastaða- og Markaðsstofanna

Markaðsstofur landshlutanna (MAS) stóðu fyrir fundi með stoðkerfi ferðaþjónustunnar 30. janúar. Kristján Guðmundsson, var fulltrúi MSV og kynnti helstu verkefni sem eru í gangi í ferðaþjónustunni á Vesturlandi. Í orðum sínum lagði Kristján áherslu á nýsköpun, sjálfbærni og skipulagningu í ferðaþjónustu sem lykilþætti til að tryggja að uppbygging innviða haldist í hendur við vaxandi umferð ferðamanna. Á fundinum voru fulltrúar frá Íslandsstofu, Ferðamálastofu, Samtökum ferðaþjónustunnar, Íslenska ferðaklasans og Menningar- og Viðskiptaráðuneytinu.



Lokaskýrsla um "skipaverkefnið"

Nú er lokaskýrsla um móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi komin út. Skýrslan dregur saman niðurstöður úr verkefnavinnunni og inniheldur tillögur að ýmsum betrubótum. Meðal annars eru lagðar fram leiðir til að bæta aðstöðu, stýra flæði upplýsinga og vísa gestum víðar um svæðið til að tryggja sjálfbæra þróun. Við hvetjum alla til að kynna sér skýrsluna á www.vesturland.is.

Vesturland kynnt á Mid-Atlantic

Ferðakaupstefnan Mid-Atlantic var haldin í Laugardalshöll 30. janúar – 2. febrúar og Vesturland átti þar öfluga fulltrúa. Starfsfólk Markaðsstofu Vesturlands ásamt ferðaþjónustuaðilum af svæðinu tóku þátt í sýningunni og áttu fjölmarga fundi þar sem þau kynntu kosti og gæði Vesturlands sem eftirsóknarverðan áfangastað. Áhersla var lögð á einstaka náttúru, menningu, fjölbreytta afþreyingarmöguleika og vaxandi framboð af góðum veitingastöðum og gistiþjónustu á svæðinu. Fundirnir endurspegluðu áhuga á svæðinu og sköpuðu væntingar og tækifæri varðandi samstarf við alþjóðlega ferðaheildsala og ferðaskipuleggjendur, sem geta skapað frekari vöxt og þróun í ferðaþjónustu á Vesturlandi.



Janúar hefur verið öflug byrjun á árinu hjá Áfangastaða- og Markaðsstofu Vesturlands og margt áhugavert í deiglunni. Framundan eru spennandi verkefni og tækifæri sem móta áframhaldandi þróun Vesturlands í ferðamálum.

Við hlökkum til að vinna áfram með ykkur að því að efla og styrkja Vesturland sem eftirsóknarverðan áfangastað - og hvetja fólk til að heimsækja svæðið, dvelja og njóta alls þess sem hér er í boði.

kær kveðja

Maggý, Björk og Kristján